

Ed.

88. Frumvarp til laga

um sildartunnur.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Eigi má nota sem umbúðir um sild til söltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð.

Hver heiltunna skal rúma minnst 118 litra og mest 120 litra.

Hver hálf tunna skal rúma minnst 59 litra og mest 60 litra.

Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu.

2. gr.

Hver sá, er stunda vill tunnusmiði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnumálaráðherra, og skal hver tunna merkt verksmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

3. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smiðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um heimild til frestunar einstakra atriða um eitt ár, og um undanþágu til að krydd-sildarkaupendur megi leggja til notaðar tunnur undir kryddsild.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni sildarútvegsnefndar. Nefndinni hafa, einkum síðastl. ár, horizt miklar kvartanir um, að mikil brögð séu að því, að tunnur, sem notaðar eru undir sild, séu mismunandi mjög, bæði hvað efni og tilbúning snertir. Ennfremur hefir stærð tunnanna verið mjög mismunandi, eða allt frá 113 litra til 122 litra. Er þetta mjög óheppilegt og jafnvel skaðlegt fyrir sölu og útbreiðslu þessarar vöru á erlendum mörkuðum. Auk þess veldur þetta saltendum beinlínis miklum skaða, þar sem sildin (innihald tunnu) er seld eftir vigt, en ekki tunnutölu, og þurfa saltendur að bæta kaupendum, ef ekki er ákveðin kílóatala í hverri tunnu. Hinsvegar greiða þeir bæði fyrir sildina og vinnu alla miðað við hverja tunnu. Vekur þetta oft óþarfa tortryggni hjá kaupendum, sem ekki skilja þær raunverulegu ástæður, sem fyrir hendi eru, sem sé mismunandi tunnustærð. Þá hefir einnig komið fyrir, að skemmdir hafa komið fram í sild vegna þess, að tunnurnar hafa verið illa smiðaðar eða úr slæmu efni og ekki lagarheldar.

Keppinautar vorir hafa þegar komið á hjá sér svipaðri löggjöf um þessi efni, Norðmenn 1932, en Skotar nokkru fyrr. Er full nauðsyn á, að löggjöf verði komið á hér á landi um þessi efni, til þess að koma í veg fyrir, að skemmdir eða umkvartanir geti fram komið af þeim orsökum, að umbúðir um þessa vöru séu ekki góðar eða til þess hæfar að varðveita vöruna óskemmda. Verður að taka fullt tillit til þess, að vara sú, sem hér er ræðir, er matvæli, sem verður að vanda til framleiðslu á að öllu leyti, ef hún á að standast hina hörðu samkeppni frá öðrum sildveiðipjóðum. Þess má einnig geta hér, að vöruvöndun hefir mjög batnað hin síðari ár, en nær að engu leyti tilgangi sínum, ef ekki er þess einnig gætt, að vanda val umbúðanna.

Einstakar greinar frumvarpsins gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.